



## STJÓRN SSH 469. fundur

Mánudaginn 8. apríl 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Karl M. Kristjánsson.

Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson SSH og Páll Björgvin Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

### 1. Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála – DMP kynning /málsnr. 1904001

Til fundarins mættu Óskar Józefsson framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála ásamt Skarphéðni Berg Steinarsyni ferðamálastjóra hjá Ferðamálastofu. Fóru þeir yfir kynningu á hlutverki áfangastaðastofa sem ætlað er að vera leiðandi skipulagseiningar innan landshluta. Þá er þeim ætlað að styðja við þróun innan ferðaþjónustu í átt að sameiginlegri og sjálfbærri framtíðarsýn sem hefur það að markmiði að hámarka ábata viðkomandi svæðis af ferðaþjónustu. Verður stjórnskipulag slíkra stofnana það sama um land allt. Með slíkri stofnun verður kominn upp vettvangur fyrir bein samskipti og samstarf landshluta við ríkisvaldið. Samstarfið gæti gefið af sér tilflutning verkefna, aukið frumkvæði og sjálfræði.

Markmið með stofnun áfangastaðastofa er að einfalda stjórnsýslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu. Meginhlutverkið snýr m.a. að gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlana og viðskiptaáætlana, tengingu við aðrar stefnur, þátttöku í rannsóknum og mælingum, öflun áreiðanlegra gagna, vörubrúun, stuðning við tæknivæðingu ferðaþjónustunnar, uppbyggingu hæfni og gæða, samvinnu við Hæfnisetrið, kynningu og markaðssetningu, álagsmat efnahags, samfélags og náttúru gagnvart fjölda ferðamanna (sjálfbærnisvísar og þolmörk landshluta), öryggismál og upplýsingamiðlun.

Umræður.

Í umræðum kom fram mikilvægi þess að fyrir liggja framtíðarsýn ríkisins í málefnum ferðaþjónustunnar sem fyrirkomulag stjórnsýslu ferðamála taki síðan mið af.

### Niðurstaða fundar

Næstu skref í málinu er þau að Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála eru að funda með landshlutafélögum sveitarfélaga og stjórnunum. Í kjölfar fundanna verður kallað eftir endurgjöf. Að lokum verður sameiginlegur fundur með öllum landshlutum og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

### 2. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - aðgerðir og verkefni framundan /málsnr. 1903002

Vísað er til fundar stjórnar frá 8. mars s.l. en þá var framkvæmdastjóra falið að vinna að samningi/samkomulagi á milli sveitarfélaganna þar sem þau skuldbinda sig til að mæta framlagi ríkissjóðs til undirbúningsverkefna vegna Borgarlínu á árinu 2019 og 2020 sem og samkomulagi um innbyrðis skiptingu framlaganna. Einnig samnings milli SSH f.h. sveitarfélaganna annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning að lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (og 2020).

Umræður

### Niðurstaða fundar

Á fundinum eru lögð fram drög að ofangreindum samningum ásamt tillögu að kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna. Framkvæmdastjóra og svæðisskipulagssjóra falið að vinna áfram að samningagerðinni á grundvelli þeirra draga sem nú liggja fyrir.



Stjórn SSH samþykkir að fela Rósu Guðbjartsdóttur og Degi B. Eggertssyni að vinna áfram að gerð erindisbréfs stýrihóps í samvinnu við ríkið um úrbætur samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við tillögur starfshóps SRN, SSH og Vegagerðarinnar.

Þá voru lögð fram drög að dagskrá kynningarfundar um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu fyrir kjörna fulltrúa sem haldinn verður föstudaginn 12. apríl n.k. Framkvæmdastjóra falið að ljúka dagskrá og undirbúningi í samráði við formann stjórnar.

### **3. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002**

Áframhaldandi umræða um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu.

#### **Niðurstaða fundar**

Stjórn telur nauðsynlegt að Strætó bs. hefji undirbúning á framlengingu núverandi aksturssamninga vegna ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk um allt að sex mánuði.

Þá felur stjórn framkvæmdastjóra að setja á stofn vinnuhóp sem hefur það hlutverk að fara yfir og skoða forsendur á nýju útboði ferðaþjónustu fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu. Í hópinn tilnefnir stjórn Harald Sverrisson frá stjórn SSH, Pál Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóra SSH, Björgu Fenger stjórnarformann Strætó bs. og Regínu Ástvaldsdóttur sviðstjóra velferðasviðs Reykjavíkurborgar.

### **4. Önnur mál**

- a) Svifryksmengun: Dagur B Eggertsson vekur athygli á framtaki Strætó bs., en allir sem eru með Strætóappið geta fengið fríar ferðir í dag, 8. apríl. Reykjavíkurborg hefur verið að hvetja borgarbúa til þess að hvíla bílinn næstu daga meðan helstur leiðir eru rykbundnar og þannig dregið úr svifryksmyndun.
- b) Málefni kjarasamninga. Ásgerður Halldórsdóttir leggur til að á næsta stjórnarfundi SSH verði tekin umræða um málefni kjarasamninga og boðaðir verði til fundarins fulltrúar frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga ásamt Hörpu Ólafsdóttur frá Reykjavíkurborg.
- c) Dreifibréf til sveitarfélaga frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 18.mars 2019. Ármann Kr. Ólafsson fjallaði um erindi eftirlitsnefndarinnar. Frekari umræðu um erindið er vísað til næsta stjórnarfundar.

### **5. Framkvæmdastjóraskipti /málsnr. 1811005**

Í dag eru framkvæmdastjóraskipti hjá SSH. Stjórn vill þakka Páli Guðjónssyni framkvæmdastjóra SSH fyrir farsælt, gott og óeigingjarnt starf í þágu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Páll hefur starfað sem framkvæmdastjóri SSH síðastliðin 11 ár en hverfur nú frá störfum. Óskar stjórn Páli velfarnaðar til framtíðar.

Páll Björgvin Guðmundsson hefur hafið störf sem framkvæmdastjóri SSH og er boðinn velkominn til starfa.

Stjórn undirritaði síðan skjöl er varða prókúru og bankareikninga SSH og tengjast framkvæmdastjóraskiptunum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00.